



Tilmæli 19/2022
Tillaga A 1908/UKK
Afgreiðsla Norræna þekkingar- og menningarnefndin

Nefndarálit um tilmæli 19/2022

Norræna þekkingar- og menningarnefndin leggur til að Norðurlandaráð færi svarið til bókar og líti svo á að tilmæli 19/2022 varðandi þingmannatillögu um námskrár gegn rasisma sé *endanlega afgreidd* af hálfu ráðsins.

Bakgrunnsupplýsingar

Tilmælin eru svohljóðandi:

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar að

- kortleggja hvernig aðgerðum gegn rasisma er lýst í námskrám grunnskóla á Norðurlöndum
- vinna greiningu á og kynna góð dæmi um aðferðir og tæki sem virka til að vinna gegn rasisma og útlendingahatri í skólum

Svar Norrænu ráðherranefndarinnar

Norræna ráðherranefndin tekur undir það álit Norðurlandaráðs að nauðsynlegt sé að vinna gegn rasisma og stuðla að lýðræði og jöfnu virði allra ásamt því að efla samkennd á meðal fólks. Norræna ráðherranefndin tekur jafnframt undir það mat að lýðræðisleg gildi eigi undir högg að sækja, einnig á Norðurlöndum.

Skólar og menntastofnanir almennt eru mikilvægur félagslegur og menningarlegur vettvangur sem býður upp á tækifæri og ber jafnframt skylda til þess að efla getu allra einstaklinga til að lifa eftir og sjá þau gildi sem felast í nútímasamfélagi sem einkennist af fjölbreytileika í menningarlegu, tungumálalegu og trúarlegu tilliti.

Nám í norrænum skólakerfum á samkvæmt námskrám að miðla og efla virðingu fyrir mannréttindum og lýðræðislegum grundvallargildum. Meginmarkmiðum er lýst í almennum greinum námskráanna. Skólinn á að stuðla að og kenna nemendum um lýðræði og jafnt virði allra, virðingu fyrir virði annars fólks, að hafna því að fólk sé beitt ofbeldi, kúgun, mismunun og meiðandi framkomu ásamt því að styrkja samkennd þeirra, þ.e. getu til þess að setja sig í spor annarra. Rasismi á ekki samleið með þessum gildum og því fela þau í sér að unnið sé gegn rasisma, jaðarsetningu og útilokun.



Nýverið var unnin sérstök rannsókn á norrænum niðurstöðum alþjóðlegu rannsóknarinnar ICCS (International Civic and Citizenship Education Study) þar sem hæfni í lýðræði og borgararétti og kennsla í lýðræði er skoðuð, *Northern Lights on Civic and Citizenship Education* (kom út 2021):

<https://link.springer.com/book/10.1007/978-3-030-66788-7>

Í alþjóðlegum samanburði fá nemendur í 8. bekk á Norðurlöndum mjög háa einkunn þegar kemur að þekkingu á lýðræði og getu til gagnrýnnar hugsunar. Meðvitað hefur verið lögð áhersla á árangur á þessu sviði í norrænum menntakerfum. Niðurstöðurnar sýna þó að þessi mikla hæfni skilar sér ekki endilega í lýðræðisþátttöku og munurinn á námsárangri vegna félagslegs ójafnréttis fer vaxandi á Norðurlöndum.

Frá 2016 hefur Norræna ráðherranefndin starfrækt sérstakt sérfræðinet á sviði lýðræðis, inngildingar og samstöðu, svokallað DIS-net. Markmiðið með DIS-netinu er að efla getu menntageirans til þess að takast á við samfélagslegar áskoranir og árekstra með lýðræðislegum aðferðum í gegnum norrænt samstarf. Að netinu koma helstu sérfræðingar allra menntamálaráðuneytanna og annarra stofnanna landanna.

Útgangspunkturinn í vinnu netsins er að stuðla að sameiginlegum norrænum gildum og menntun í þágu sjálfbærrar þróunar, einkum með verkefnum sem styrkja lýðræðislega þátttöku, vinna gegn rasískri orðræðu, mismunun, jaðrasetningu og öflum sem grafa undan lýðræði og beita sér gegn tilteknum þjóðfélagsþópum í norrænu löndunum.

DIS-netið vinnur að verkefninu *Demokrati, inkludering och sammanhållning* (Lýðræði, inngilding og samstaða) (undir markmiði 12 í framkvæmdaáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar) sem meðal annars felst í:

- Tilraunaverkefnum í skólum og samstarfi á milli skóla og kennaraskóla um þróun lýðræðislegrar hæfni og lýðræðislegra starfshátta í skólunum í gegnum sérstakt verkefni sem hófst í formennskutíð Finnlands í Norrænu ráðherranefndinni (2022–2023)
- Ráðstefnu um tjáningarfrelsi og lýðræðisvitund út frá sjónarhorni menntamála ásamt tilheyrandi gögnum fyrir kennara í formennskutíð Noregs í Norrænu ráðherranefndinni (2022)
- Ráðstefnu um ungt fólk, inngilding og tækifæri til að koma rödd sinni á framfæri í formennskutíð Íslands í Norrænu ráðherranefndinni (2023)
- Fundum sérfræðinga á ofangreindum sviðum og öflun þekkingar á Norðurlöndum



Í gegnum netið er miðlað upplýsingum um yfirstandandi vinnu að stefnumótun á sviðinu í löndunum, þróun námskráa og dæmi um góðar starfsvenjur. Norrænu ríkisstjórnirnar hafa stigið mörg skref í stefnumótun til að efla lýðræði og vinna gegn rasisma og mismunun.

DIS-netið mun taka saman samstarfið til þessa og þá þekkingu sem skapast hefur í rit sem hægt verður að deila til fleiri markhópa. Áætlað er að þeirri vinnu ljúki á árinu 2024.

Norræna ráðherranefndin áljútur tilmælin því uppfyllt.

Sjónarmið nefndarinnar

Norræna þekkingar- og menningarnefndin þakkar ítarlegt og upplýsandi svar vegna tilmæla 19/2022 um *námskrár gegn rasisma*. Það er ánægjulegt að Norræna ráðherranefndin deili áhuga Norðurlandaráðs á að vinna gegn rasisma og stuðla að lýðræðislegum viðhorfum ungs fólks. Nefndin er jákvæð gagnvart þeirri vinnu sem fram fer innan ramma DIS-netsins og hlakkar til að kynna sér niðurstöður skýrslunnar sem áætlað er að komi út árið 2024.

Reykjavík, 14. mars 2023

Camilla Gunell (ÅSD)
Brigitte Klinskov Jerkel (KF)
John E. Weinerhall (M)
Henrik Møller (S)
Lars Mejern Larsson (S)
May Britt Lagesen (A)

Catarina Deremar (C)
Kathrine Kleveland (Sp)
Jussi Halla-Aho (saf)
Victoria Tiblom (SD)
Mona Fagerås (SV)
Helge André Njåstad (FrP)